

1. Um vatnsmæli kr. 67.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 18 534.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis. Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindingandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

- | | |
|--------------------------------|-------------------|
| 1. Fyrir mæla allt að ¾" | kr. 716.00 á mán. |
| 2. Fyrir mæla frá 1—2" | — 1 313.00 á mán. |
| 3. Fyrir hemla | — 716.00 á mán. |

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 143 160.00

400 til 2000 m³ kr. 143 160.00 af 400 m³ + kr. 119.50 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ kr. 334 360.00 + kr 98.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 20 880.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 440.00.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af hreppsnefnd Selfoss er sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 12 10 janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- A. Fastagjald kr. 380.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- B. Vatnsgjald kr. 970.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr. 320.00
Heitt vatn	— 650.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimæðargjöld		
Allt að 600 m ³	kr. 225.170		
600—2 000 m ³	— 225.170 fyrir	600 m ³ +	141.00 kr/m ³ þar yfir
2 000—6 000 m ³	— 422.570 fyrir	2 000 m ³ +	120.00 kr/m ³ þar yfir
6 000—10 000 m ³	— 902.570 fyrir	6 000 m ³ +	105.00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	— 1 322.570 fyrir	10 000 m ³ +	92.00 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 21 000.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta.

Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þá gildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 1 000 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 400 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1978.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 421 20. desember 1976 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.